# AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Fjarskiptaeftirlitsins nr. 129/1993 með síðari breytingum.**

1. gr.

Við 2. gr. bætist nýr töluliður er verður töluliður 2.2.1., svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 2.2. skal starfrækslugjald á hverju almanaksári fyrir smábáta vegna VHF rása vera kr. 2.000. Til smábáta teljast opnir vélbátar 6 metrar og lengri og fiskiskip með þilfari allt að 15 metrar að lengd, enda hafi þessi skip eingöngu VHF talstöðvar, en ekki millibylgju og/eða stuttbylgjustöðvar um borð og sigla á hafsvæði A1, sbr. 3. gr. rg. nr. 295/1994 um fjarskiptabúnað og fjarskipti íslenskra skipa.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt lögum um fjarskipti nr. 73/1984 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 7. mars 1995.*

**Halldór Blöndal.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*